

Menntaskólinn á Akureyri
Íslenska 3B040 – kveðskapur og valdir textar til 1900
Vorönn 2013

Kennarar: Arnar Már Arngrímsson (arnar@ma.is), Gunnhildur Ottósdóttir (gott@ma.is), Sigríður Steinbjörnsdóttir (sst@ma.is), Stefán Þór Sæmundsson (stefan@ma.is) og Sverrir Páll Erlendsson (svp@ma.is)

Áfangalýsing:

Meginefni áfangans er forn kveðskapur og stiklur úr íslenskri bókmenntasögu allt fram til 1900. Rýnt verður í inntak og form bókmennta og bókmenntaverk einnig skoðuð með hliðsjón af merkingarfræði og setningafræði. Áhersla er lögð á ritun hvers konar, ekki síst frumsamda texta.

Markmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- fornum kveðskap, einkennum hans og flokkun
- hugmyndafræði Hávamála og tengingu við nútímann
- bragarháttum og skáldskaparmáli
- höfuðverkum lærdómsaldar með áherslu á Hallgrím Pétursson
- boðskap upplýsingarmanna með áherslu á Eggert Ólafsson
- áhrifum rómantikur með áherslu á Jónas Hallgrímsson
- einkennum raunsæisstefnunnar

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina efni og form ljóða og tengja við tímabil
- fjalla um bókmenntir í sögulegu samhengi
- gera grein fyrir einkennum bókmennta í ræðu og riti
- vinna með texta frá mismunandi tíma

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla um og skilja helstu bókmenntaverk Íslendinga frá fyrri tíð
- skrifa vandaða texta með fjölbreyttum stílbrögðum
- halda fyrirlestra og ræður á góðu íslensku máli og af öryggi

Námsefni:

Bragi Halldórsson og Knútur S. Hafsteinsson. 2001. **Ljóðamál**. Mál og menning, Reykjavík.

Ormurinn langi, leiftur úr íslenskum bókmenntum 900-1900. 2005. Bjartur, Reykjavík.

Sjón. 2003. **Skugga-Baldur**. Bjartur, Reykjavík.

Fyrirlestrar kennara. Verkefni og valið kennslu- og ítarefni á Moodle.

Námsmat:

Skriflegt þekkingarpróf sem byggir á lesnum textum í Orminum, á Moodle og Skugga-Baldri. Skapandi skrif þar sem reynt er á þanþol tungumálsins. Smærri verkefni sem tengjast efni áfangans. Vinnubók með úrvalsljóðum. Ástundun og virkni.

Jónasardagskrá 15% Smærri verkefni úr ljóðum og Skugga-Baldri á önninni 10% Eftirlætistextarnir mínir 10% Próf 65%

Reglur um verkefnaskil og próf í íslensku

- Allir nemendur eiga að **skila verkefnum á réttum tíma** nema að fenginni undanþágu hjá kennara.
- **Verkefni** (ritgerðir, fyrirlestrar, vinnubækur o.þh): Skili nemandi of seint dregst einn heill frá fyrir hvern skóladag, fyrstu þrjá dagana. Eftir það fær nemandinn einkunnina 0 en verður þó að skila verkefninu til að fá skilin metin inn í áfangann.
- **Sé lokapróf í áfanga gilda verkefni annarinnar ekki fyrir en nemandi hefur lokið prófinu.**

Vika	Efni	Leseefni	Verkefni
Vika 1-5	Forn kveðskapur	Ormurinn langi: Völuspá Hávamál (brot) Þrymskviða Dróttkvæði (Brámáni – Það mælti mín móðir) Ljóðamál, bragfræði Skugga-Baldur eftir Sjón. Yndislestur og umfjöllun á fyrri helmingi annarinnar	-Hópavinna, t.d. Teikna sköpunarsögu, sviðssetja eða gera myndband um sköpunarsöguna. -Hávamál, hópar safna efni eftir þemum. -Þrymskviða efni í leikrit eða söngleik. Vinnubók annarinnar: a) Velja 8 texta eða textabrot úr efni áfangans sem ekki eru á leslista. Setja upp vinnubók með þessum dæmum og fjappa um gerð, bragfræði, inntak, boðskap o.s.frv. Eða: b) Velja 8 texta eða textabrot úr lesefninu og tengja það saman í eina heild efnislega, hugmyndalega, bragfræðilega o.s.frv.
Vika 6-8	Kveðskapur á miðöldum og lærdómsöld	Heyr himna smiður Lilja (Mariuvísa) Passíusálmur 25 Úr Heimsósóma Rímur (og rapp) Tristramskvæði, brot Eikarlundurinn Ölerindi Leirkarlsvísur Ljóðamál, bragfræði	-Lesi erindi úr Passíusálmum og skýra að því loknu. - Nemendur yrkja -Skoða valin efni: Heimsósóma og bera saman við heimsádeilur nútímans í fölmíðlum og vefmíðlum - Skoða rímahefðina og kveðskap, líka danskvæði og dansa ath. disk Þjóðlagaseturs - Stúdera Eikarlundurinn og skrifa hugleiðingu byggða á honum - Athuga tíðaranda á dögum Hallgríms og viðhorf í ljóðum hans -Nemendur skila Eftirlætistextum
Vika 9-13	Rómantíkin og Jónas	JÓNAS HALLGRÍMSSON í sviðsljósinu. Eftir atvikum gripið niður í önnur verk: Oddur Hjaltalín Ei glói æ á grænum lauki Þjóðfundarsöngur Mér er orðið stirt um stef Vorhvöt Sorg Matthíasar Konurnar: Júlíana, Vatnsenda-Rósa, Látra- Björg	- Rýna í boðskap í Oddi og bera saman við nútíma. - Pæla í Þjóðfundarsöng og teikna upp persónu móðurinnar og barnanna og hugarfar Hjálmar. - Nemendur taka 3 vikur í að hræra í verkum Jónasar og setja saman vandaða dagskrá í tali og tónum, svo góða að hún gæti hentað á samkomu í Kvos. Besta Jónasarverkefni í hverjum bekk valið af nemendum og kennurum. Þeir hópar vinni saman úr þeim Jónasardag- skrá fyrir Café Jónas-kvöldsamkomu í Kvosinni. Jónasarverkefni gildir 25% hjá verðlaunahópunum en vægi prófs lækkar að sama skapi.
Vika 14-15	Raunsæið, Ólöf, Stefán og Þorsteinn	Betlikerling Gests Stephan: Jón Hrak Ólöf: Því geng ég svo alein Smásögur (Moodle)	-Aðallega að lesa og túlka. Skoða hvernig boðskapur verður sterkara afl í raunsæinu en rómantíkinni.
Vika 16	Uppgjör		